

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

910. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 27. júní 2016 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Lögð fram til kynningar fundargerð 840. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
2. **1606103 Erindi frá USVH**, lagðar fram ályktanir nefnda varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja í Húnaþingi vestra. Byggðarráð samþykkir að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar 2017.
3. **1606126 Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar** dags. 16. júní sl. um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Landsskipulag 2015-2026 felur í sér stefnu um fjögur viðfangsefni: Skipulag miðhálandis, skipulag í dreifbýli, búsetumynstur og dreifingu byggðar og skipulag á haf- og strandsvæðum. Óskað er eftir að sveitarfélagið tilgreini tengilið á samráðsvettvang um ofangreind mál. Erindinu frestað til næsta fundar.
4. **1606115 Lagt fram til kynningar bréf Þjóðskrár Íslands um fasteignamat ársins 2017.** Þar kemur fram að fasteignamat hækkar mest á höfuðborgarsvæðinu eða um 8,8% en minnst á Norðurlandi vestra eða um 0,2%. Fasteignamat í Húnaþingi vestra lækkar um 0,5% en landmat hækkar um 1,3%. Byggðarráð felur sviðsstjóra að kalla eftir nánari skýringum á útreikningi fasteignamats.
5. **Lagður fram tölvupóstur SSNV dags. 8. júní sl. um stefnumótandi byggðaáætlun 2017-2023**, sem Byggðastofnun vinnur nú að. Óskað er eftir upplýsingum um helstu áherslur aðildarsveitarfélaganna varðandi byggðaáætlunina. Byggðarráð felur oddvita að koma upplýsingum um áherslur Húnaþings vestra við byggðaáætlunina til SSNV.
6. **1606050 Lagt fram til kynningar bréf Markaðsstofu Norðurlands** dags. 3. júní sl. Um er að ræða ályktun frá aðalfundi Ferðamálasamtaka Norðurlands eystra um uppbyggingu Dettifossveggar og hins vegar áskorun til ríkisstjórnar um stækkun flughlaðs við Akureyrarflugvöll.
7. **1606127 Lagt fram fundarboð á almennan félagsfund Veidifélags Miðfirðinga**, sem haldinn verður sunnudaginn 3. júlí nk. kl. 20:30 í Félagsheimilinu Ásbyrgi. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri verði fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum og oddviti til vara.

8. **Lagt fram bréf stjórnar fjallskiladeildar Vatnsnesinga** dags. 20. júní sl. um skipulag og tilkynningar vegna sleppingar sauðfjár og hrossa í Kirkjuhvamm. Byggðarráð felur sviðsstjóra að hafa samband við stjórn fjallskiladeildarinnar og í framhaldi af því auglýsa heimild íbúa fyrrum Hvammstangahrepps til sleppinga í Kirkjuhvamm. Byggðarráð ítrekar mikilvægi þess að tilkynnt sé til sveitarfélagsins fjöldi búpenings sem sleppt er.
9. **Lagt fram bréf Ferðamálastofu** dags. 23. júní sl. þar sem óskað er eftir samstarfi við sveitarfélögin vegna mats – og kortlagningar viðkomustaða ferðafólks. Óskað er eftir að sveitarfélagið tilnefni tengilið fyrir verkefnið. Byggðarráð samþykkir að tilnefna sveitarstjóra sem tengilið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:26

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal

Guðrún Ragnarsdóttir